

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 24. október 2023.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 244 – 241. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027.

Félagið veitti umsögn um málið á fyrri stigum með bréfi dags. 8. maí 2023. Fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands starfaði með starfshópi mennta- og barnamálaráðherra sem var falið að semja drög að nýrri framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. Félagið lýsir ánægju með það samráð sem fór fram við undirbúning tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027 og tekur undir þær metnaðarfullu áherslur sem koma þar fram, þ.e. áform um heildarendurskoðun á barnaverndarlögum, innleiðingu meðferðarúrræða utan meðferðarheimila og meðferðarfóstur, eflingu þjónustu í barnavernd og bætt verklag, gæðaviðmið fyrir barnaverndarþjónustu, endurskoðað verklag vegna móttöku og þjónustu við fylgdarlaus börn, könnun alvarlegra atvika og rannsóknir á sviði barnaverndar. Að mati félagsins er áhugavert markmið að finna þremur stofnunum ríkisins sem sinna þjónustu við börn sameiginlegt húsnæði. Þá er mikilvægt að lokið verði við meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu fyrir unglinga sem glíma við alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda, eða afplána skilorðsbundna fangelsisdóma. Jafnframt er mikilvægt að tryggja eftirfylgni vegna innleiðingar þeirra verkefna sem framkvæmdaáætlunin fjallar um.

Félagsráðgjafar eru ein af lykilstéttum í barnaverndarstarfi og eina fagstéttin sem aflar þekkingar um barnavernd sem er skylduáfangi í grunnnámi. Í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf hljóta nemendur fræðilega þekkingu og klíniska þjálfun í vinnuáferðum félagsráðgjafa og sækja meðal annars námskeið um viðtalstækni, vinnu með börnum og unglingum, hópvinnu og fjölskylduvinnu. Stór hópur félagsráðgjafa starfa innan barnaverndar auk þess að vinna með einstaklingum sem glíma við fátækt, fíknisjúkdóma og félagslegan vanda. Félagsráðgjafar hafa mikla þekkingu og reynslu af stöðu málefna fatlaðs fólks á Íslandi, flóttamanna og annarra innflytjenda. Þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að taka þátt í áframhaldandi samtali og eiga samstarf um aðgerðir í tengslum við framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. Félagið er tilbúið að fylgja umsögn sinni eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður